

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 19. febrúar 2025 í máli nr. 3/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 9. janúar 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða skaðabætur að fjárhæð 152.505 krónur vegna galla á söluhlut.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 9. janúar 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust kæruneftndinni þann 20. janúar 2025.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, mynd, yfirlýsing frá starfsmanni [...] og afrit af reikningum.

Með bréfi, dags. 17. febrúar 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir valdsvið hennar samkvæmt framangreindum lögum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. laganna segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Ágreiningur málsins varðar tjón vegna galla á söluhlut sem var keyptur af varnaraðila þann 16. október 2024. Sóknaraðili hefur vísað til þess að hann hafi keypt fjóra spíssa í bifreið sína og greitt samtals 168.000 krónur til varnaraðila. Eftir að spíssarnir höfðu verið settir í á [...] hafi komið í ljós að einn spíssinn væri gallaður og hafi sóknaraðili þurft að greiða kostnað vegna dráttarbifreiðar og frekari viðgerðarkostnað vegna þess, samtals að fjárhæð 152.505 krónur. Sóknaraðili hefur lagt fram yfirlýsingu frá starfsmanni [...] þar sem kemur fram að einn af fjórum spíssum hafi verið gallaður. Sóknaraðili fékk nýjan spíss hjá varnaraðila en gerir

kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila bætur sem nema því tjóni sem sóknaraðili varð fyrir vegna galla á söluhlut, samtals að fjárhæð 152.505 krónur.

Samkvæmt gögnum málsins er reikningur vegna kaupa á umræddum söluhlut skráður á félagið [...]. Ágreining málsins má því rekja til reiknings sem hefur verið gefinn út á fyrirtæki og er kaupandi söluhlutarins því félag í atvinnurekstri en ekki neytandi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Heyrir málið því ekki undir valdsvið kæruneftdarinnar. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

IV

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson